



Vestur fú

sá / sín

heppni / heppna

etja

óheppni / óheppna

Surrealistahópurinn

The surrealist group

MEDÚSA

Sýning í Þjóðarbókhlöðu
30. janúar - 20. apríl 2020

þórr
(ná umgi)

+

JÓNDAMAI
(ná sterki)

+

TJÓN
(ná heymalausi)

= Shhh.....

KYNLÍF ? ! ! !
DAUPI ? ! ! !
LJÓÐ ? ! ! !
DRAUMAR ? !

GUTREIKNANLEI
UPPLIFUN
EINSTÖK
EFNSTÖK ! !

Súrrealistahópurinn Medúsa

Súrrealistahópurinn Medúsa var stofnaður af nokkrum nemendum í Fjölbautaskólanum í Breiðholti í árslok 1979 og birtist stefnuyfirlýsing hópsins í skólablaðinu *Grjúpán* í ársbyrjun 1980. Hópurinn var starfandi í tæp sjö ár og á þeim tíma komu út 30 útgáfur frá Medúsu, mest ljóðabækur, en einnig hljóðsnældur, smásögur, tímarit, póstkort, veggspjöld og bæklingar.

Hópurinn stóð að ljóðaapplestrum, tónleikum og gjörningum og rak gallerí í tvö ár, Skruggubúð á Suðurgötu 3a. Þar voru haldnar alþjóðlegar samsýningar súrrealista og var Medúsa í samstarfi við súrrealista á Norðurlöndum um útgáfu tímarits sem var kennt við Dunganon. Auk þess hafði Medúsa m.a. samstarf við súrrealista í Frakklandi og Kanada og birtust verk Medúsumanna í tímaritum sem gefin voru út í Frakklandi, Bretlandi, Svíþjóð og víðar. Flestar útgáfurnar eru eftir Sjón, Þór Eldon, Einar Melax, Matthías Magnússon, Ólaf Engilbertsson og Jóhamar, en einnig eiga þar hlut að máli Kristinn Sæmundsson, Björk Guðmundsdóttir, Margrét Örnólfssdóttir, Alfreð Flóki, Tony Pusey og fleiri. Síðasta útgáfan frá Medúsu kom út 1986, sama ár og Smekkleysa var stofnuð, en margir sem tengdust Medúsu voru stofnendur Smekkleysu.

Flestar útgáfur Medúsu eru nú komnar í bókverkasafn og hljóðsafn Landsbókasafns og veggspjöld og póstkort eru einnig hluti af því efni sem aðstandendur Medúsu afhenda nú Landsbókasafninu.

Medúsa gaf út tímaritið *Geltandi vatn* árið 1985. Aðeins kom út eitt tölublað. Í því birtist svohljóðandi yfirlysing: „Geltandi vatn er gefið út af Medúsu og er málsvari og hljóðnemi ástríðna okkar. Héðan munum við mölva allt sem reynir að hindra okkur í því að eiga stefnumót við lifið. Uppreisn höfuðskepnanna getur ekki beðið lengur. Við verðum að varpa öllu frá okkur svo við getum óheft af siðalögumálum lögreglu og presta leitað nýrra leiða til að lifa...“ Einnig birtist m.a. í blaðinu opið bréf til Steingríms Hermannssonar þáverandi forsætisráðherra og annað bréf til Ted Joans, bandaríks súrrealista. Annað tölublað *Geltandi vatns* var tilbúið til prentunar í apríl 1985 en var ekki gefið út og birtist hluti ritsins nú í fyrsta sinn. Allt ritið verður gefið út 18. febrúar 2020 - á 124 ára afmæli André Breton – í takmörkuðu upplagi. Meðal efnis er opið bréf til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, undirritað af Jóhannesi Óskarssyni – Jóhamri, ljóð eftir Þór Eldon, myndasaga eftir Þorstein Sig-

urð Guðjónsson, slúður eftir Dag Sigurðarson og smásaga eftir Björk. Órsýning með útgáfum Medúsu, ljóðabókum, hljóðsnældum, smásögum, tímaritum, póstkortum, veggspjöldum og bæklingum stendur yfir í safn-inu til 20. apríl 2020.

The surrealist group Medúsa

The Icelandic surrealist group Medúsa was founded by several students at the Fjölbautaskólinn in Breiðholt (Breiðholt Community College) at the end of 1979 and the group's manifesto was published in the school magazine *Grjúpán* in the beginning of 1980. The group was active for almost seven years and at that time Medúsa published 30 editions, most of them poetry books. short stories, magazines, postcards, posters and brochures.

The group performed poetry readings, concerts and performances and ran a gallery for two years, Skruggubúð at Suðurgata 3a in Reykjavík. There, Medúsa organized international surrealist exhibitions and collaborated with surrealists in the Nordic countries in the publication of the magazines *Dunganon Again* and *Dunganon 's Return*. In addition, Medúsa collaborated with surrealists in France and Canada, and the works of group members appeared in magazines published in France, the United Kingdom, Sweden and elsewhere. Most of the releases are by Sjón, Þór Eldon, Einar Melax, Matthías Magnússon, Ólafur Engilbertsson and Jóhamar, but releases also include Kristinn Sæmundsson, Björk Guðmundsdóttir, Margrét Örnólfssdóttir, Alfreð Flóki, Tony Pusey and more. The last edition of Medúsa was published in 1986, the same year that Smekkleysa (Bad Taste) was founded, but many those that were connected to Medúsa were the founders of Smekkleysa.

Most of the editions of Medúsa are now preserved in the National Library, and posters and postcards are also part of the material that Medúsa's group members now hand over to the National Library.

Medúsa published the magazine *Geltandi vatn* (Barking Water) in 1985. Only one issue was published. It included a manifest, one paragraph reads as follows: "Barking Water is published by Medúsa and is our advocate and the microphone of our passions. From here, we will crush everything that tries to stop us from making an appointment with life. The

